



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

Skimun fyrir krabbameinum: Þróun, tækifæri og framtíðarsýn

Á undanförunum tveimur árum hefur verið lögð áhersla á fjölbreytt verkefni sem miða að því að efla skimanir fyrir krabbameinum á Íslandi. Lögð var áhersla á að bæta aðgengi að skimunum, innleiða nýja skimunaráætlun fyrir ristil- og endaparmskrabbamein, þróa nýja skimunarskrá og efla alþjóðlegt samstarf á sviði krabbameinsskimana. Á árinu 2024 mátti sjá verulega aukningu í þátttöku kvenna í skimunum fyrir brjóst- og leghálskrabbameini en dregið hafði úr þátttöku árin á undan. Hér á eftir er dregið fram það helsta sem tengist krabbameinsskimunum árin 2024 - 2025.

- **Á árinu 2024 mátti greina jákvæða þróun í þátttöku kvenna í skimunum fyrir krabbameinum:**
 - Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini jókst um 9 prósentustig á síðustu tveimur árum og var um 61% árið 2024
 - Þátttaka í skimun fyrir leghálskrabbameini jókst um 3 prósentustig á milli ára og var um 64% árið 2024
- **Þátttaka og aðgengi að skimunum**
 - Sérstök áhersla hefur verið lögð á að auka þátttöku kvenna af erlendum uppruna í skimunum með markvissri upplýsingagjöf og greiðara aðgengi að skimunum. Þannig geta konur sem hafa fengið boð í skimun fyrir leghálskrabbameini mætt í opna tíma á heilsugæslustöð án þess að bóka tíma fyrir fram en einnig hefur verið boðið upp á slíka tíma síðdegis
 - Unnið er að þróun rafræns bókunar- og boðskerfis vegna skimunar fyrir brjóstakrabbameini þar sem boði í skimun mun fylgja fyrir fram bókaður tími sem auðvelt verður að breyta
 - Komugjald í brjóstaskimun var lækkað í upphafi ársins 2024
- **Innleiðing lýðgrundaðrar skimunar fyrir ristil- og endaparmskrabbameini hófst á árinu 2025 en áætlað er að henni ljúki árið 2031**
 - Skimunin byggir á sjálfsprófi (FIT-prófi) sem er sent heim til einstaklinga í markhópi. Prófið greinir blóð í hægðum og ef niðurstaðan er jákvæð er einstaklingnum boðið í ristilspeglun.
 - Til að byrja með er fólki á aldrinum 60-69 ára boðið upp á skimun en í lok innleiðingar er markmiðið að ná til allra einstaklinga á aldrinum 50-74 ára.
- **Ný skimunarskrá er í þróun hjá embætti landlæknis**
 - Til að byrja með mun skráin eingöngu innihalda upplýsingar um skimun fyrir ristil- og endaparmskrabbameini, en síðar verður upplýsingum um skimanir fyrir legháls- og brjóstakrabbameini bætt við.

- **Þátttaka í EuCanScreen, samstarfsverkefni Evrópusambandsins um krabbameinsskimanir**
 - Verkefnið miðar að því að bæta gæði skimana, samræma gögn og tryggja öllum jafnt aðgengi að skimunum fyrir brjóstakrabbameini, leghálskrabbameini og ristilkrabbameini.
 - Ísland tekur þátt í verkefnum sem fjalla um eftirlit með skimunum, áhættumiðaðar nálganir og samræmingu gagna. Einnig að greina bæði kerfislegar og einstaklingsbundnar hindranir fyrir þátttöku fólks og leita leiða til að auka þátttökuna, sér í lagi meðal ýmissa minnihlutahópa svo sem innflytjenda, hinsegin fólks og fólks með þroskahömlun. Þá er markmiðið að auka heilsulæsi í tengslum við krabbameinsskimanir.
 - Verkefnið fellur vel að aðgerðaáætlun Alþingis um krabbameinsskimanir sem samþykkt var í júní 2025.
- **Aðgerðaáætlun Alþingis í krabbameinsmálum fyrir árin 2025-2029 felur í sér**
 - Markvissar forvarnir, skimun og snemmgreiningu.
 - Heildstæða þjónustu óháða búsetu og samfélagsstöðu.
 - Notkun gæða- og árangursmælikvarða.


Öflugar lýðgrundaðar skimanir eru lykillinn að forvörnum gegn krabbameinum

Rannsóknir benda til þess að koma megi í veg fyrir allt að helming krabbameina með markvissum forvörnum, heilbrigðum lífnaðarháttum og heilnæmu umhverfi. Mikilvægur þáttur í slíkum forvörnum eru lýðgrundaðar krabbameinsskimanir, þar sem heilbrigðir og einkennalausir einstaklingar í tilteknum markhópum eru skimaðir. Aðrir lykilþættir eru fræðsla um einkenni krabbameina og gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Alþjóðastofnanir mæla með lýðgrunduðum skimunum fyrir krabbameini í brjóstum, leghálsi og ristli.

Markmið lýðgrundaðra skimana er fyrst og fremst að fækka krabbameinum með því að greina forstíg meina og greina fleiri krabbamein á snemmstigum þess. Slíkar skimanir þurfa að uppfylla ströng skilyrði sem byggð eru á rannsóknum um skipulag, framkvæmd og eftirfylgd, í samræmi við alþjóðleg viðmið (*European guidelines on [breast cancer screening and diagnosis](#) / [cervical cancer screening and diagnosis](#)*). Góð þátttaka í skimunum er forsenda þess að þær skili árangri.

Í landsskýrslu [OECD](#) um stöðu krabbameinsmála á Íslandi 2025 kemur fram að nýgengi- og dánartíðni vegna krabbameina er tiltölulega lág á Íslandi í samanburði við önnur lönd innan Evrópu. Nýgengi krabbameina meðal karla á Íslandi er það þriðja lægsta í Evrópu, en nýgengi meðal kvenna á Íslandi er rétt yfir meðaltali. Í [spám Krabbameinsfélagsins](#) er hins vegar búist við að krabbameinstíflum muni fjölga verulega a.m.k. til ársins 2040 eða um 57%, hlutfallslega meira en á hinum Norðurlöndunum. Þessi aukning skýrist helst af aldursamsetningu þjóðarinnar en hér á landi eru fjölmennar kynslóðir sem fæddust eftir stríð.

Á síðasta áratug lækkaði dánartíðni vegna krabbameina á Íslandi hratt og er hún frekar lág í samanburði við önnur lönd Evrópusambandsins (ESB) ([OECD 2025](#)). Dánartíðni vegna krabbameina lækkaði um 22% meðal karla á árunum 2011-2021 og um 10% meðal kvenna (mynd 1). Meðaldánartíðni yfir fimm ára tímabil vegna algengustu krabbameina, þ.e. lungna-, ristils- og endaparms- svo og briskrabbameins, var lægri á Íslandi en að meðaltali innan ESB en dánartíðni vegna brjóstakrabbameins var nokkuð svipuð. Dánartíðni vegna blöðruhálskirtilskrabbameins meðal karla var hins vegar hærri á Íslandi en að meðaltali innan ESB.



Atth.: Hugtakið „efnahagslegir jafningjar“ (e. economic peers) vísar til flokkunar landa samkvæmt þriðjungaskiptingu (e. tercile clusters) út frá tölum um VLF á mann árið 2022, settum fram sem jafnvirðisgengi. Efnahagslegir jafningjar IS eru AT, BE, DE, DK, IE, LU, NL, NO og SE.
Heimild: Gagnagrunnur Eurostat.

Mynd 1. Dánartíðni vegna krabbameina á Íslandi í samanburði við ESB-lönd árið 2021 (Skýrsla um stöðu krabbameinssmála í Evrópu 2025 - OECD)

Lýðgrundaðar skimanir eiga sér langa sögu á Íslandi. Árið 1964 var farið að skima skipulega fyrir leghálskrabbameini og árið 1987 hófst skipulögð skimun fyrir brjóstakrabbameini. Innleiðing lýðgrundaðrar skimunar fyrir krabbameini í ristli og endaparmi hófst svo í byrjun árs 2025 en í [aðgerðaáætlun](#) Alþingis í krabbameinssmálum 2025-2029 er mælt með slíkum skimunum og hefur verkefnið verið í undirbúningi um nokkurt skeið.

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein meðal kvenna á Íslandi eða yfir fjórðungur allra meina sem greinast samkvæmt tölum úr [krabbameinsskrá](#). Árlega greinast yfir 270 tilfelli að meðaltali og um 50 konur deyja á ári vegna meinsins. Meðalaldur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein er 61 ár. Dánartíðni á Íslandi er 30,4 á 100.000 konur yfir 5 ára tímabil. Nýgengi brjóstakrabbameins hefur aukist hratt á síðustu áratugum en dánartíðni hefur verið svipuð um nokkurt skeið.

Nýgengi og dánartíðni vegna leghálskrabbameins hefur lækkað umtalsvert á síðustu áratugum en talið er að góð þátttaka í skimun fyrir meininu hafi skipt sköpum í þeirri þróun. Frá því að lýðgrundað skimun fyrir leghálskrabbameini hófst árið 1964 hefur dregið úr nýgengi þess um 70% og dánartíðni um 90% samkvæmt tölum í [krabbameinsskrá](#). Á Íslandi greinast nú 17 tilfelli á ári að meðaltali og árlega deyja þrjár konur vegna meinsins. Meðalaldur kvenna við greiningu eru 48 ár.

Frá árinu 2011 hefur bólusetning 12 ára stúlkna gegn HPV-veirunni (*Human Papilloma Virus*) verið hluti af skipulögðum bólusetningum í skólaheilsugæslu og frá árinu 2023 hafa 12 ára drengir einnig fengið bólusetningu gegn HPV. HPV er talin vera forsenda frumubreytinga í leghálsi í yfir 99% tilfella og með bólusetningu gegn veirunni er hægt að draga verulega úr útbreiðslu hennar. Þátttaka í bólusetningum hér á landi hefur verið mjög góð.

Krabbamein í ristli og endaparmi er þriðja algengasta krabbameinið á Íslandi, um 10% allra meina. Samkvæmt tölum úr [krabbameinsskrá](#) greinast yfir 200 manns að meðaltali á ári með meinið og yfir 60 einstaklingar deyja af völdum sjúkdómsins. Meðalaldur við greiningu er 69 ár hjá körlum og 70 ár hjá konum. Nýgengi hefur farið hækkandi síðustu áratugi en dánartíðni hefur lítið breyst.

Innleiðing lýðgrundaðrar skimunar fyrir krabbameini í ristli og endaparmi hófst í upphafi ársins 2025, í samræmi við [aðgerðaáætlun](#) Alþingis í krabbameinssmálum. Markmið skimunarinnar, líkt og annarra skimana, er að greina forstíga krabbameins eða krabbamein á byrjunarstigi og auka þar með líkur á einfaldari meðferð og lækningu. Verkefnið hefur

verið í undirbúningi í nokkurn tíma hjá Samhæfingarstöð krabbameinsskimana í náninni samvinnu við heilbrigðisráðuneytið, embætti landlæknis, Sjúkratryggingar Íslands og Landspítala ásamt faghópi lækna og fleiri aðila. Skimanir fyrir krabbameini í ristli og endaparmi hafa nú þegar verið innleiddar á hinum Norðurlöndunum.


Í febrúar síðastliðnum hófst fyrsti áfangi innleiðingarinnar með forprófun. Um 200 einstaklingar, sem allir voru 69 ára og búsettir á höfuðborgarsvæðinu, fengu boð um að taka þátt í skimun og þeir sem samþykktu þátttöku fóru í gegnum öll þrep skimunarinnar eins og hún hafði verið skipulögð. Forprófunin gekk vel og í kjölfarið mun almenn skimun hefjast þar sem byrjað verður að bjóða öllum á aldrinum 68-69 ára að taka þátt. Við lok innleiðingar er stefnt að því að allir einstaklingar á aldrinum 50-74 ára fái boð í skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi.

Þátttaka í skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameinum

Í skýrslu OECD um stöðu krabbameinssmála í Evrópu 2025 kemur fram að þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini hafi dregist saman í yfir helmingi Evrópulanda milli ára 2014 og 2022, auk þess sem þátttaka í skimun fyrir leghálskrabbameini dróst saman í tveimur af hverjum þremur löndum. Alla jafna er þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini einna mest á Norðurlöndum. Staðan er þó heldur lakari á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum, þó þátttakan sé aðeins yfir meðaltali Evrópulanda. Sama má segja um skimun fyrir leghálskrabbameini en þar raða Norðurlöndin sér ofarlega og er þátttaka á Íslandi sambærileg við þátttöku í Danmörku (mynd 2).


Á Íslandi hefur orðið jákvæð þróun á þátttöku í skimun fyrir brjóst- og leghálskrabbameini á síðustu tveim árum (mynd 3). Árið 2024 mætti 61% kvenna í skimun fyrir brjóstakrabbameini og 64% í skimun fyrir leghálskrabbameini. Þátttaka í brjóstaskimun jókst því verulega á síðustu tveimur árum, um 9 prósentustig, og er því sambærileg við þátttöku 2019-2020. Þegar litið er til síðustu 15 ára náði þátttakan lágmarki árið 2022, sem rekja má til skipulagsbreytinga við framkvæmd skimana í upphafi árs 2021 og COVID-faraldursins (mynd 3). Í byrjun ársins 2024 var komugjald í brjóstaskimun lækkað verulega enda er kostnaður almennt talinn veigamikill hindrandi þáttur fyrir þátttöku. Vonast er til að lækkunin hafi enn frekari jákvæð áhrif á þátttöku.

Þátttaka í skimun fyrir leghálskrabbameini hefur einnig aukist, þó ekki eins mikið og aukningin í skimun fyrir brjóstakrabbameini. Þar jókst þátttakan um 3 prósentustig á síðustu tveimur árum. Líkt og í skimun fyrir brjóstakrabbameini náði þátttakan lágmarki árið 2022 af ástæðum sem tilgreindar eru að framan.




Mynd 2. Þátttökuhlutfall í Evrópu í skimun fyrir leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini árið 2022 (Skýrsla um stöðu krabbameinssmála í Evrópu 2025 - OECD)

Árið 2014 voru gerðar breytingar á aldursviðmiðum og árið 2021 var gerð breyting á árafjölda milli skimana. Árið 2021 var komugjald lækkað í leghálsskimun (sjá mynd 3).



Mynd 3. Þátttökuhlutfall í skimun fyrir leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini árin 2007 til 2024 og yfirlit yfir breytingar á skipulagi skimunar

Þegar þátttökutölur á Íslandi eru greindar eftir uppruna kvenna, eins og hann birtist í ríkisfangi, má sjá að konur með erlent ríkisfang eru mun ólíklegri til að mæta í skimanir en konur með íslenskt ríkisfang (mynd 4). Þetta er í takt við fjölmargar rannsóknir á þátttöku kvenna af erlendum uppruna eins og fjallað var um í [Talnabrunni](#) um skimanir fyrir krabbameinum í janúar 2024. Eins og sést á mynd 4 er þátttaka kvenna með erlent ríkisfang meiri í skimun fyrir leghálskrabbameini en brjóstakrabbameini, eða um 31%, og hefur hækkað um 4 prósentustig á milli ára. Þátttaka kvenna með erlent ríkisfang í skimun fyrir brjóstakrabbameini var 23% árið 2024 og hafði þá hækkað um 5 prósentustig á milli ára. Árið 2024 voru 20% kvenna sem fengu boð í skimun fyrir leghálskrabbameini með erlent ríkisfang en hlutfallið var 11% hjá þeim sem fengu boð í skimun fyrir brjóstakrabbameini. Þetta hlutfall hefur hækkað mikið á síðasta áratug.



Mynd 4. Þátttökuhlutfall í skimun fyrir leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini greint eftir því hvort konur eru með íslenskt eða erlent ríkisfang árin 2014 til 2024

Margir þættir eru taldir skipta máli þegar þátttaka kvenna í skimunum er skoðuð. Auk uppruna er þátttaka mismunandi eftir aldri og búsetu. Þannig eru yngri konur ólíklegri til að mæta í skimun en konur á miðjum aldri og eldri konur. Konur á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eru líklegri til að mæta í leghálsskimun en konur í öðrum heilbrigðisumdæmum en þáttökuhlutfall í brjóstaskimun er hins vegar hæst á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum.

Á árinu 2024 var birt nýtt [mælaborð](#) á vefsíðu embættis landlæknis en þar má sjá tölfræði um þróun á þáttöku kvenna í skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini frá árinu 2010, greint eftir ríkisfangi, aldri og búsetu. Auk þess má sjá fjölda skimana á ári, hlutfall endurinnköllunar í brjóstaskimun og hlutfall tilvísana í leghálsspeglun. Einnig er fjallað nánar um þáttöku í [ársskýrslum krabbameinsskimana](#) fyrir árin 2021-2024. Annað birt efni um skimanir fyrir krabbameinum má nálgast á [vef embættis landlæknis](#).

Aðgerðaáætlun Alþingis í krabbameinsmálum fyrir árin 2025-2029

Í júní 2025 samþykkti Alþingi aðgerðaáætlun sem felur í sér heildstæða stefnu og aðgerðir til að bæta krabbameinsþjónustu á Íslandi á næstu fimm árum. Í kjölfarið skipaði heilbrigðisráðherra krabbameinsráð sem hefur það hlutverk að vera breiður starfsvettvangur helstu fagaðila sem koma að veitingu krabbameinsþjónustu á Íslandi og hagsmunasamtaka. Krabbameinsráð fylgist með árangri og framkvæmd aðgerða krabbameinsáætlunar.

Áætlunin leggur áherslu á að:

- Árangur verði tryggður til framtíðar með markvissum forvörnum gegn helstu áhættuþáttum krabbameina, skimun og snemmgreiningu meina.
- Heildstæð krabbameinsþjónusta verði veitt samkvæmt stöðluðum greiningar- og meðferðarferlum.
- Aðgengi að krabbameinsþjónustu verði tryggt, óháð búsetu, uppruna og samfélagsstöðu.
- Lögð verði aukin áhersla á notkun gæða- og árangursmælikvarða við veitingu krabbameinsþjónustu.

*Samkvæmt þingsályktun nr. 9/156 um aðgerðaáætlun í krabbameinsmálum fyrir árin 2025–2029
(þingskjal 611, 88. mál, 156. löggjafarþing)*

Þátttaka Íslands í evrópsku samstarfsverkefni um skimanir - EUCanScreen

Embætti landlæknis og Samhæfingarstöð krabbameinsskimana hófu þátttöku í umfangsmiklu evrópsku samstarfsverkefni í júní 2024 fyrir Íslands hönd, EUCanScreen (European Joint Action on Cancer Screening). Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins gegn krabbameinum og meginmarkmið þess eru að tryggja öfluga og sjálfbæra skimun fyrir brjóstakrabbameini, leghálskrabbameini og ristilkrabbameini í öllum þátttökuríkjum og stuðla að jöfnu aðgengi allra að skimunum.

Krabbamein eru meðal helstu heilbrigðisáskorana í Evrópu og því gegnir reglubundin skimun lykilhlutverki í snemmgreiningu og árangursríkri meðferð. Verkefnið er viðamikilið og tekur á helstu þáttum tengdum skimunum, jöfnu aðgengi að skimunum, skipulagi skimana, gæðum gagna, eftirliti með skimunum, sérfræðiþekkingu heilbrigðisstarfsfólks á skimunum, fræðslu um skimanir og fleira. Verkefnið byggir á náinni samvinnu þátttökulanda þar sem kortlögð er framkvæmd skimana í löndunum ásamt því að skoða hvað hefur reynst vel og hvaða nýjungar hægt væri að nýta, t.d. við áhættumiðaðar skimanir.

Ísland er meðal 29 þátttökulanda í EUCanScreen og tekur virkan þátt í verkefninu með því að deila sinni þekkingu og reynslu af lýðgrunduðum skimunum hér á landi og jafnframt að nýta alþjóðlega þekkingu til að efla eigin skimanaáætlanir. Samhæfingarstöð krabbameinsskimana hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins leiðir verkefnið fyrir Íslands hönd, en embætti landlæknis tekur einnig virkan þátt. Verkefnið er samhæft af Háskólanum í Lettlandi og felur í sér samstarf 28 opinberra stofnana og yfir 60 samstarfsaðila. Það byggir á fyrri ESB-verkefnum og mun standa yfir í fjögur ár. Heildarfjárhagsáætlun verkefnisins nemur nærri 39 milljónum evra.

Þátttaka Íslands í verkefninu fellur vel að íslensku [krabbameinsáætluninni](#) sem samþykkt var 2019 og [aðgerðaáætlun](#) sem samþykkt var á Alþingi í júní 2025. Í aðgerðaáætluninni er sett fram markmið um að hámarka árangur af lýðgrunduðum krabbameinsskimunum og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til þess að ná því markmiði. Auk þess fjallar aðgerðaáætlunin um bættu skráningu og sameiginlega gæðavísa.

Ísland tekur þátt í mörgum verkefnum innan EUCanScreen en mest áhersla er lögð á eftirfarandi:

Verkefni EUCanScreen:

- 1 Samhæfing - Coordination
- 2 Kynning á verkefni - Dissemination
- 3 Mat - Evaluation
- 4 Sjálfbærni - Sustainability
- 5 Eftirlit - Monitoring
- 6 Áskoranir - Addressing
- 7 Innleiðing - Implementation
- 8 Stuðningur við innleiðingu - Facilitation
- 9 Áhættumat - Risk-based approaches
- 10 Líkanagerð - Modelling
- 11 Færniuppbygging - Capacity building

Eftirlit (Monitoring), þar sem meginmarkmiðið er að auka gæði gagna með því að samræma núverandi staðla og þróa nýja fyrir gögn og deilingu gagna þvert á landamæri. Þetta mun auðvelda allan samburð á gæðum og árangri skimana milli landa.

Áskoranir (Addressing), þar sem meginmarkmiðið er að styðja við aðgerðir sem draga úr ójöfnuði í aðgengi að skimunum fyrir brjóst-, legháls- og ristilkrabbameini. Það er gert með því að greina hindranir fyrir þátttöku, bæði kerfislegar og einstaklingsbundnar, og leita leiða til að auka þátttöku meðal fólks, sér í lagi meðal ýmissa minnihlutahópa, svo sem innflytjenda, hinsegin fólks og fólks með þroskaskerðingu. Þá er markmiðið að efla heilsulæsi í tengslum við krabbameinsskimanir.

Innleiðing (Implementation), þar sem meginmarkmiðið er að auka gæði og árangur núverandi skimunaráætlana vegna brjóstakrabbameins, leghálskrabbameins og ristilkrabbameins í Evrópu. Rannsóknir og þekking frá öllum þátttökulöndum er nýtt í þeirri vinnu.

Áhættuskimun (Risk-based approaches) þar sem meginmarkmiðið er að bera kennsl á áhættuþætti til að gera skimun einstaklingsmiðaðri og koma með tillögur að mögulegri samþættingu áhættuskimana í skimanaáætlunum.



Co-funded by
the European Union

Að lokum

Á komandi árum má búast við að krabbamein verði ein stærsta áskorunin í heilbrigðisþjónustu og við getum vænst þess að einn af hverjum þremur Íslendingum greinist með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Þótt nýgengi krabbameina á Íslandi sé í dag með því lægsta í Evrópu, má búast við aukningu á næstu árum vegna hækkandi alders þjóðarinnar. Til þess að mæta þessari áskorun er lykilatriði að efla skimanir fyrir ákveðnum tegundum krabbameina svo og aðrar forvarnir. Með lýðgrunduðum skimunum er hægt að greina sjúkdóma á byrjunarstigi, bæta þannig meðferðarmöguleika og draga úr dánartíðni.

Það er ánægjulegt að sjá aukna þátttöku í brjóst- og leghálsskimun á síðustu tveimur árum og vonandi heldur sú þróun áfram. Nú er einnig hafin innleiðing á skimun fyrir ristilkrabbameini, sem er eitt algengasta krabbameinið á Íslandi bæði meðal karla og kvenna. Þessi skimun er lykilþáttur í því að greina sjúkdóminn snemma og auka þar með líkur á læknandi meðferð.

Með sameiginlegu átaki heilbrigðiskerfisins, samfélagsins og einstaklinga er hægt að draga úr áhrifum krabbameina og tryggja betri heilsu til framtíðar.

G. Bergþóra Tryggvadóttir
Elín Maríusdóttir

Efni	Bls.	Ritstjórn	Embætti landlæknis
Öflugar lýðgrundaðar skimanir eru lykillinn að forvörnum gegn krabbameinum	2	Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri Sigríður Haralds Elínardóttir, ábm. Hildur Björk Sigbjörnsdóttir	Katrínartúni 2 105 Reykjavík S. 510 1900 mottaka@landlaeknir.is www.landlaeknir.is
Þátttaka í skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameinum	5		
Þátttaka Íslands í evrópsku samstarfsverkefni um skimanir – EUCanScreen	7		

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið